

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vör – sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð.

1. gr.

Heiti.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og er nafn hennar Vör – sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er að Norðurtanga í Snæfellsbæ.

3. gr.

Tilgangur.

Tilgangur stofnunarinnar eru vísindalegar hafrannsóknir með áherslu á Breiðafjörð.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur eru:

Nafn:	Kennitala:	Staður:
Brim hf.	410998-2929	Reykjavík
Fiskiðjan Bylgja hf.	421188-2629	Snæfellsbær
Fiskmarkaður Íslands	601191-1219	Snæfellsbær
Grundarfjarðarbær	520169-1729	Grundarfjörður
Guðmundur Runólfsson hf.	520175-0249	Grundarfjörður
Hafnarsjóður Snæfellsbæjar	701294-2709	Snæfellsbær
HÍ - Stofnun fræðasetra	600169-2039	Reykjavík
Hraðfrystihús Hellissands	630169-6829	Snæfellsbær
K.G. fiskverkun	410998-2469	Snæfellsbær
Kristinn Friðþjófsson ehf.	531200-2090	Snæfellsbær
LÍÚ	420269-0649	Reykjavík
Landssamband smábátæigenda	650985-0959	Reykjavík
Nesver ehf.	560175-0789	Snæfellsbær
Oddi hf.	550367-0179	Patreksfjörður
Sjávariðjan ehf.	480494-2029	Snæfellsbær
Smábátafélagið Snæfell	490196-2779	Stykkishólmur
Soffanías Cecilsson hf.	611292-2959	Grundarfjörður
Sparisjóður Ólafsvíkur	610269-4869	Snæfellsbær
Sverrisútgerðin ehf.	670302-3420	Snæfellsbær
Útnes ehf.	670269-7799	Snæfellsbær
Útvegsmannafélag Snæfellsness	610100-3410	Grundarfjörður
Valafell ehf.	670269-3029	Snæfellsbær

5. gr.

Stofnfé og ábyrgð.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 16.350.000, sem er framlag stofnenda. Stofnaðilar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum rannsóknarsetursins umfram greiðslur stofnfjár.

Rannsóknarsetrið ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

6. gr.

Tekjur.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera: Styrkir, gjafir, auglýsingatekjur eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast, sem og aðrar tekjur.

7. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum. Aðalfundur kýs stjórn. Rétt til setu á aðalfundi eiga stofnaðilar og fer hver stofnaðili með eitt atkvæði.

Við kjör á aðalmönnum í stjórn skulu kosnir þrír menn í varastjórn til sama tíma. Stjórnin skal kosin til 1 árs í senn. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Fyrsta stjórn stofnunarinnar skal kosin á stofnfundi. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, ritari og gjaldkeri. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir hana.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn.

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur (eða endurskoðendafélög) ásamt varamönnum til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna.

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja 3 aðila til að sitja í vísindalegum ráðgjafahóp. Val skal fara fram 3. hvert ár.

11. gr.

Reikningsárið.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 30. mars ár hvert.

12. gr.

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. Þó er stjórn heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.

13. gr.

Breyting samþykktu, slit og sameining.

Heimilt er að breyta samþykktum stofnunarinnar og þarf til þess samþykki aðalfundar.

14. gr.

Með tillögum um slit og skipti á stofnuninni skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

15. gr.

Þar sem ákvæði samþykktu þessara ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Samþykkt á stofnfundi rannsóknarsetursins í Snæfellsbæ, 12. maí 2006.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. desember 2006.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniásson.

Bryndís Helgadóttir.